

Erindisbréf fyrir umhverfis- og dreifbýlisráð Dalvíkurbyggðar

1. Stjórnskipuleg staða:

Umhverfis- og dreifbýlisráð heyrir beint undir sveitastjórn og starfar í umboði hennar. Ráðið starfar á framkvæmdasviði. Sviðsstjóri framkvæmdasviðs er starfsmaður ráðsins með málfrelsi og tillögurétt á fundum ráðsins. Sviðsstjóri er að jafnaði fundarritari umhverfis- og dreifbýlisráðs en ráðið getur valið sér annan fundarritara úr starfsmannahópi sveitarfélagsins. Verkefnastjóri á framkvæmdasviði (skipulags- og byggingafultrúi skv. skipuriti) á rétt að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti vegna þeirra mála og erinda sem heyra undir starfið.

2. Skipun ráðsins:

Í umhverfis- og dreifbýlisráði eiga sæti fimm fulltrúar, sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Dalvíkurbyggðar. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara. Sveitarstjórn kýs formann og varaformann fyrir ráðið.

Sveitarstjóri á rétt til að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Stjórnendur og starfsmenn Dalvíkurbyggðar skulu sitja einstaka liði á fundum ráðsins, þegar eftir því er leitað. Stjórnendur sitja að jafnaði einstaka dagskrárliði á fundum þegar fjallað er um málefni er varðar þeirra stjórnunarsvið sérstaklega.

3. Fundarboðun, dagskrá, fundarstjórn og ritun fundagerða:

Um boðun funda umhverfis- og dreifbýlisráðs, fundastjórnun og ritun fundagerða fer samkvæmt gildandi samþykkt um stjórn Dalvíkurbyggðar. Formaður umhverfis- og dreifbýlisráðs, eða varaformaður í forföllum hans, undirbýr dagskrá fundarins í samráði við sviðsstjóra framkvæmdasviðs á fyrirfram ákveðnum undirbúningsfundi. Sviðsstjóri boðar fund í umboði formanns, eða varaformanns, og sendir út fundarboð.

Boða skal fund með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara. Fundir ráðsins eru að jafnaði einu einni í mánuði og skal í upphafi kjörtímabils ákveða fastan fundartíma. Fjöldi funda umhverfis- og dreifbýlisráðs er ákvarðaður við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

Fundir skulu haldnir samkvæmt boðaðri dagskrá. Engin mál skulu tekin til meðferðar ráðsins án undirbúnings. Ekki er heimilt að bæta við málum á dagskrá ráðsins eftir að fundur hefur verið boðaður og fundarboð sent út. Öll frávík frá dagskrá skulu borin undir atkvæði. Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra fulltrúa í ráðinu þau afbrigði.



4. Málaflokkar og deildir sem falla undir ráðið:

- 03210 Heilbrigðiseftirlitsnefnd
- 06270 Vinnuskóli
- 07 Bruna- og almannavarni
- 08 Hreinlætismál
- 09510 Eigna- og framkvæmdadeild
- 10 Samgöngumál
- 11 Umhverfismál
- 13210 Fjallaskil
- 13220 Forðagæsla og fjárveikivarnir
- 32200 Eignfærðar framkvæmdir ofangreindra deilda og málaflokka.

Stofnanir sem heyra undir umhverfisráð:

- Slökkvistöð Dalvíkur
- Vinnuskóli (Kyndill)
- Eigna- og framkvæmdadeild
- Framkvæmdasvið; Aðalsjóður
- Tungurétt

5. Valdsvið:

Umhverfis- og dreifbýlísráð hefur umsjón með þeim deildum og málaflokkum sem undir ráðið heyrir í umboði sveitarstjórnar. Ákvarðanir þess eru ekki bindandi fyrir sveitarfélagið fyrir en þær hafa hlotið staðfestingu sveitarstjórnar og eftir því sem við á stofnana ríkisins og/eða ráðuneyta. Sveitarstjórn getur veitt umhverfis- og dreifbýlísráði frekari heimildir til fullnaðarafgreiðslu mála, en slíkar heimildir kæmu fram í viðauka við samþykkt um stjórn Dalvíkurbyggðar.

Fulltrúar í umhverfi- og dreifbýlísráði hlutast ekki til um starfsemi sveitarfélagsins í málefnum sem ráðinu eru falin nema á fundum ráðsins. Þó getur ráðið, byggðarráð eða sveitarstjórn falið fulltrúa að vinna að undirbúningi máls með starfsmanni, enda felist engar ákvarðanir í þeirri vinnu.

6. Hlutverk og verkefni ráðsins:

- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um stefnumörkun, forgangs röðun og framkvæmd verkefna í málaflokkum á fagsviði ráðsins.
- Að gera tillögur að stefnum, reglum og gjaldskrám.
- Að gera tillögur að starfs- og fjárhagsáætlun til byggðarráðs ásamt framkvæmdaáætlun.
- Að hafa eftirlit með framgangi gildandi starfs- og fjárhagsáætlana og að þeim sé fylgt.

- Að fjalla um umsóknir og erindi sem tengjast þeim málaflokkum sem heyra undir ráðið og gera tillögur að afgreiðslum til sveitarstjórnar.
- Að vinna loftlagsstefnu og aðgerðaáætlun í samræmvi við lög um loftslagsmál nr. 70/2012
- Að fara með lögbundið hlutverk náttúruverndar samkvæmt náttúruverndarlögum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim, sbr. lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Að stuðla að náttúruvernd í Dalvíkurbyggð og hafa forgöngu um að vekja almennan skilning á gildi náttúruverndar og óspillts umhverfis. Ráðið hefur umsjón með friðlýstum svæðum og fólkvangi og fylgist með því að náttúru landsins sé ekki spillt með athöfnum sem brjóta í bága við ákvæði og fyrirmæla laga og reglugerða.
- Að gera tillögur um og hafa umsjón með lagningu og viðhalds vegna og stíga, sbr. vegalög nr. 80/2007.
- Að gera tillögu til sveitarstjórnar um skipulag almenningsamganga, m.a. akstursleiðir og staðsetningu biðskýla.
- Að hafa umsjón með skipulagi og almennri fegrun opinna svæða í sveitarfélaginu.
- Að hafa eftirlit með almennri umhirðu og sorphirðu í sveitarfélaginu, sbr. lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og sbr. lög um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald, nr. 103/2021.
- Að hafa eftirlit með almanna- og brunavörnum sbr. lög um almannavarnir nr. 82/2008 og lög um brunavarnir nr. 75/2000.
- Að eiga samstarf við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004.
- Að hlutast til um sjóvarnir, sbr. lög um sjóvarnir nr. 28/1997.
- Að hlutast til um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, sbr. lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997.
- Að hlutast til um framkvæmd umhverfismats ef við á, sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.
- Að fara með stjórn og eftirlit með dýravernd, gæludýra- og búfjárhaldi, sbr. lög um búfjárhald nr. 38/2013 og lög um velferð dýra nr. 55/2013, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998
- Að gefa út búfjárleyfi skv. samþykkt um búfjárhald í lögsagnardæmi Dalvíkurbyggðar nr. 807/2022.
- Að fara með framkvæmd fjallskila og afréttarmála, sbr. lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.
- Að hafa eftirlit með viðhaldi og endurnýjun á girðingum í sveitarfélaginu, sbr. girðingalög nr. 135/2001.
- Að fara með framkvæmd hagagöngu, forðagæslu, eyðingu refa, minka og vargfugls og sjúkdómavarnir, sbr. lög um búfjárhald nr. 38/2013, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sbr. lög um verndun, friðun og veiðar á villtum fulglum og villtum spendýrum nr. 60/1994.

- Að eiga samstarf við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og viðeigandi ríkisstofnanir um meindýraeyðingu og dýraeftirlit, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sbr. einnig lög um verndun, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 60/1994.
- Að vinna í samræmi við lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993 vegna varnarlína vegna búfjárjúkdóma.
- Að sinna hlutverki gróðuverndarnefndar og landgræðslu, sbr. lög um landgræðslu nr. 155/2018.
- Að starfa með sviðsstjóra framkvæmdasviðssviðs að málum sem undir hann og ráðið heyra.
- Að eiga samvinnu við aðra aðila í sveitarfélaginu um framkvæmd hátíðarhalda og viðburða á vegum sveitarfélagsins
- Að taka fyrir á fundum ráðsins stöðu bókhalds í samanburði við heimildir í fjárhagsáætlun; rekstur og framkvæmdir.
- Að taka fyrir á fundum ráðsins framgang framkvæmda- og starfsáætlana.

Umhverfis- og dreifbýlisráð gerir tillögur að framtíðarsýn og markmiðum fyrir starfsemi sveitarfélagsins og stofnanir á fagsviði ráðsins. Ráðið gerir tillögur að starfs-, fjárhags- og framkvæmdaáætlun í samstarfi við sviðsstjóra framkvæmdasviðs. Ráðið skal hafa faglega og rekstrarlega umsjón með rekstri þeirra málaflokka, deilda og stofnana sem á fagsviði þess eru og hafa eftirlit með því að starfað sé innan ramma laga og samþykkrar starfs- og fjárhagsáætlunar á hverjum tíma.

Meginhlutverk ráðsins er stefnumótun. Ráðið gerir tillögur um úrbætur og nýsköpun í þeirri starfsemi sem undir það heyrir.

Auk verkefna sem ráðið hefur með höndum skv. lögum og erindisbréfi þessu, getur sveitarstjórn falið því ýmis mál með erindisbréfum eða sérstökum samþykktum.

7. Starfshættir, lagaákvæði og heimildir:

Um starfshætti ráða er sérstaklega fjallað í VI. kafla samþykktar um stjórn Dalvíkurbyggðar og skal þeim fylgt eftir því sem við á. Formaður stýrir fundum ráðsins skv. ákvæðum III. og IV. kafla samþykktar um stjórn Dalvíkurbyggðar. Í störfum sínum skal ráðið fylgja þeim lögum og reglugerðum sem um starfssvið þess gilda hverju sinni.

Til að fylgja eftir samþykktum ráðsins skulu fulltrúar ráðsins snúa sér til sviðstjóra framkvæmdasviðs.

8. Réttindi og skyldur:

Um réttindi og skyldur fulltrúa í umhverfis- og dreifbýlisráðiráði gilda eftir atvikum ákvæði sveitarstjórnarlaga, upplýsingalaga, stjórnsýslulaga, samþykktar um stjórn Dalvíkurbyggðar, ákvæði siðareglna kjörinna fulltrúa, innkaupastefnu og innkaupareglna, Lögreglusamþykktar,



samþykktar um fjárhagsáætlunarferli Dalvíkurbyggðar, reglna vegna gerðar viðauka við fjárhagsáætlun, almennra reglna um birtingu gagna með fundagerðum, persónuverndar- og öryggisstefnu, lýðræðisstefnu, upplýsingastefnu og mannauðsstefnu Dalvíkurbyggðar, reglna og samþykktá framkvæmdasviðs er varðar málaflokka á fagsviði umhverfis- og dreifbýlisráðs.

Fulltrúar eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir ráðið og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls eða lögum, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst óbreytt þótt menn hætti setu í ráðinu eða láti af störfum á þess vegum.

Samþykkt á 4. fundi umhverfis- og dreifbýlisráðs þann 09.12.2022

Samþykkt á 353. fundi sveitarstjórnar þann 20.12.2022